

Fundargerð stjórnar BÍS 15/2014. miðvikudaginn 25. júní 2014 kl. 18.15, Gilwell skálanum, Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni, 800 Selfossi.

Mættir:

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Guðmundur Finnbogason, framkvæmdastjóri ÚSÚ, kom sem gestur undir liðnum Úlfljótsvatn.

Fjarverandi:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs. Fríður Finna Sigurðardóttir, fór eftir lið 6a og HS tók við fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Setning: FFS setti fund og bauð fundarmenn velkomna. FFS óskar GBB og BS til hamingju með háskólagráðurnar sínar. GBB kláraði BS. í viðskiptafræði og BS kláraði BA í íþrótt- og tómstundafræðum. Stjórnarfundur BÍS byrjaði óformlega kl. 17.00 og var inn í Hafnarfjörð og aðstaða Tjaldaleigu skáta skoðuð.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. samþykkt
3. Fimm mínútur foringjans. FFS stýrði.
4. Yfirlit stjórnarmanna.
 - a. UF. Fór með dagskrárráði og hluta úr alþjóðaráði í heimsókn á Úlfljótsvatn og voru ánægð með uppbygginguna sem þar á sér stað.
 - b. ÓP. Áframhaldandi vinna með starfsgrunn- og skipulagsskrá Gilwell skólans, mönnun nýrrar stjórnar Gilwell skólans er í vinnslu, hátíðarfundur Gilwell teymisins var 5. júní í tilefni samþykktar starfsgrunn- og skipulagsskrá Gilwell skólans, fjórða skrefið var haldið í júní, stefnt er að því að halda fimmta skrefið í ágúst og er 20 aðilar að útskrifast, stefnt er að því að halda framhalds Gilwell námskeið fyrir leiðbeinendur, mentora og aftur í viðburðastjórnun og mannauðsstjórnun.
 - c. JÞG. Er að leiða lagavinnu fyrir stjórn BÍS, er að undirbúa heimsþing WAGGGS og heimsþing WOSM og er að samræma aðgerðir NSK, BÍS og WSM á þeim þingum, skipulagning Norrænu skátaráðstefnunnar á Íslandi 2015 er í vinnslu, alþjóðaráð fundaði er að skipuleggja sig fyrir landsmót skáta, var milliliður í blaðagrein sem HS veitti fréttablaði WAGGGS um græna skáta ofl.
 - d. GBB. Haldnir hafa verið tveir fundir hjá upplýsingaráði, GBB fundaði með Birgi Ómarssyni vegna ímyndar BÍS og bæklings tengdum því sem fyrirhugað er að gefa út í haust ásamt því að fara yfir myndaáttak því tengdu, Unnið er að drögum að kynningarviku, útgáfa skátablaðsins ákveðin og verður tengd kynningarvikunni og GBB hitti Jón Halldór Jónasson vegna samskiptaáætlunar BÍS.

- e. BS. Ungmennaráð hittist einu sinni. BS er að undirbúa sig fyrir ungmennaráðstefnu WOSM og er að lesa öll gögn fyrir ráðstefnuna.
 - f. FFS. Undirbúningur fyrir landsmót á hug hennar allan.
5. Fjárhagsuppgjör.
- a. Þriggja mánaða uppgjör BÍS. Er í samræmi við áætlun.
 - b. Þriggja mánaða uppgjör Þjóðþrifa. Starfssemi gengur vel.
6. Meginviðfangefni
- a. Skipun landsmótsstjóra 2016. Stjórn BÍS þakkar fyrir innsendar umsóknir. Stjórn ákvað að skipa Rakeli Ýr Sigurðardóttur, sem næsta landsmótsstjóra. HS er falið að þakka umsækjendum fyrir og fara yfir málin með nýjum mótsstjóra.
 - b. Fjölgun fullorðinna í skátastarfi. ÓP gerði grein fyrir vinnu stjórnar síðustu ár með aðstoð frá WOSM/WAGGGS. Ákveðið var að fylgja meginlínunum WOSM og þar með talið mannauðsmálum. ÓP benti á að heimspingi WOSM stæði til að samþykkja endanlega útgáfu af programme policy og youth policy og það væri sú stefna sem við værum að fylgja í dag. Stefnt er að því að gefa út kennslubók fyrir leiðbeinendur, leiðbeiningar-bækling fyrir skátafélög og almennan kynningarbækling á árinu 2015. Samhliða þessu er verið að kanna hug eldri skáta / skátahópa sem vilja tengjast BÍS með einum eða öðrum hætti. JÞG tilkynnti að hann og UF myndi vera með vinnustofu laugardaginn 28.júní á Landsmóti skáta 40+ kl. 11. og halda áfram með þá vinnu. Upp kom sú spurning hvar þessi málaflökkur ætti að tilheyra innan stjórnar. Stjórnarmenn voru upplýstir um ákvörðun sem var tekin í kjölfar stefnumótunarvinnunnar 2010 að fræðsluráð væri með allt sem tengdist 23 ára og eldri og dagskráráð 7-22 ára, þó væri skörun með aldursbilið 19-22 ára. Góð umræða í kjölfarið myndaðist um hver væru málefni BÍS og hvernig forsvarinu væri skipt niður á milli stjórnarmanna.
 - c. Undirbúningsvinna vegna Heimspinga. JÞG fór yfir.
 - i. WAGGGS
 - 1. JÞG og Dagmar Ýr Ólafsdóttir fara á heimsping WAGGGS í Hong Kong.
 - 2. JÞG lagði til að samþykkja að WAGGGS breytti skráningu sinni yfir í góðgerðarfélag. Samþykkt.
 - 3. JÞG lagði til að svokölluðum proxy vote yrði hafnað. Samþykkt.
 - 4. JÞG lagði til að tillaga um postal voting yrði samþykkt. JÞG lagði til að postal voting yrði þó hafnað ef postal voting myndi gilda fyrir þingin sjálf. Samþykkt.
 - 5. JÞG lagði til að öðrum lagabreytingum sem lægju fyrir þinginu yrðu samþykktar. Samþykkt.

6. JÞG lagði til að Heidi frá Finnlandi yrði kosin. JÞG óskaði eftir umboði stjórnar til að taka ákvörðun á þinginu um hverjir aðrir yrðu kosnir í stjórn. Samþykkt.
7. DÝÓ fer sem fulltrúi NSK á ráðstefnuna og eru JÞG búin að hittast og samræma aðgerðir.

ii. WOSM

1. BS mun sækja ungmennaráðstefnu WOSM í Slóveníu og síðan sitja heimsráðstefnu WOSM í kjölfarið. BB, FFS, JÞG munu sækja heimsráðstefnu WOSM. Hrönn Pétursdóttir, mótsstjóri WSM2017, Jóni Ingvar Bragason, viðburðastjóri BÍS og HS sækja ráðstefnuna fyrir hönd WSM2017 og DÝÓ og Dagbjört Brynjarsdóttir verða fulltrúar NSK.
2. JÞG tilkynnti að BÍS væri að bjóða fram einn aðila í Heimsstjórn og það væri João Armando Gonçalves frá Portúgal.
3. JÞG lagði til að samþykkja að kjósa þrjá fulltrúa í heimsstjórn BÍS og það væru JAG frá Portúgal, Karin Ahlback frá Finnlandi og Craig Turpe frá Bretlandi. JÞG óskaði eftir umboði stjórnar til að taka ákvörðun á þinginu um hverjir aðrir yrðu kosnir í stjórn. Samþykkt.
4. JÞG tilkynnti að fararhópurinn stefndi á að hittast á landsmóti og samræma aðgerðir allra aðila. Auk þess sem hann mun hitta WSM2017 teymið og samræma aðgerðir. HS óskaði eftir fundi á mótsstað þegar allir væri mættir á svæðið til að fara yfir markaðsherferð WSM2017 ofl.
5. Programme Policy. ÓP fór yfir skjalið og byggir það það á þeirri stefnu og vegferð sem BÍS er búin að samþykkja og stefna að. Þar á meðal er starfsgrunnur skáta á skátaaldrinum 7-22 ára byggður á þessum grunni. JÞG lagði til að samþykkja þetta skjal. Samþykkt.
6. Scout involvement policy. ÓP fór yfir skjalið og byggir það það á þeirri stefnu og vegferð sem BÍS er búin að samþykkja og stefna að. JÞG lagði til að samþykkja þetta skjal. Stjórn samþykkir þetta skjal og leggur til að hafa þessi tvö skjöl til hliðsjónar þegar farið verður í endurskoða og endurbæta gæðakerfið „Skátafélag á réttri leið“.
7. Fleiri skjöl eru ekki komin fram. JÞG mun halda áfram að senda gögn á stjórn um leið og þau berast. Ef ekki tekst að taka ákvörðun um tiltekin mál fyrir þingið óskar JÞG eftir umboði stjórnar til að taka ákvörðun á þinginu. Samþykkt.

d. Úfljótsvatn

- i. Fjármál. HS fór yfir fimm mánaða uppgjör ÚSÚ. Reksturinn horfir til betri vegar.

- ii. Rekstur. GF gerði grein fyrir helstu áherslum í rekstri ss. sumarbúðir, skólabúðir, fræðslumiðstöð skáta, rekstur húsa og gistiheimilis, tjaldsvæða, hvata- og hópferða, erlendra skólahópa, annarrar afþreyingar á svæðinu. Fór yfir helstu áskoranir og helstu tækifærin í rekstri framundan. Stjórn BÍS þakkar GF fyrir gott innlegg og óskar honum góðs gengis á þessum háannatíma.
- iii. Framkvæmdir. HS fór yfir stefnumótunarvinnu eiganda ÚSÚ frá 2012 þar sem teiknuð var upp framtíðarsýn í rekstri til 2020 og svæðið í heild til lengri tíma. Vegna uppbyggingar á landsmóts-svæði fyrir landsmót skáta og World Scout Moot hefur landsmóts-sjóður Mennta- menningarmálaráðuneytisins styrkt BÍS um 21,3M á síðustu tveimur árum og er þeim þakkað vel fyrir. Að mati HS hefur tekist vel að nýta fjármunina til framkvæmda. Forgangsröðun framkvæmda byggir á þeirri sýn og fyrirkomulagi sem samþykkt var árið 2012. GF fór yfir helstu framkvæmdir sem stjórn BÍS hefur látið gera í samstarfi við Úlfljótsvatnsráð.

Þær eru (er ekki tæmandi listi)

1. Ný flöt á Austurvelli
2. Ný flöt á Skeiðvelli
3. Þrjár nýjar flatir við KSÚ (Alþingi)
4. Mótun 3000 fermetra vatnasafarís
5. Endurbætur í varðeldalaut + jarðvegsskipti
6. Kaup á tveimur salernishúsum
7. Kaup á færanlegu sviði
8. Hringvegur lagður á Skeiðvelli
9. Fjórir púðar undir salernishús búnir til og þrjár rotþær settar niður.
10. Aukið aðgengi niður við vatn – nýtt og endurbætt bátalægi
11. Öryggisvegur (fyrir sjúkra-, slökkvi, og lögreglubíla) lagður á Austurvelli.
12. Öryggisvegur lagður niður að svokölluðu stölluðu flötum
13. Öryggisvegur (1,2KM) lagður og endurbættur að hluta niður í Borgarvík
14. Dagskrárflöt við Borgarvík endurbætt
15. Aðkoma fólksflutningabifreiða búin til og mótuð við KSÚ
16. Almenn stígagerð á stölluðu flötunum og um svæðið til að auka aðgengi fatlaðra um svæðið. Keypt var dráttarvél og gert var samkomulag við ÚSÚ að staðurinn myndi sjá um alla minni stígagerð og fengi dráttarvélin til afnota að verki loknu. Dráttarvélin nýtist áfram í uppbyggingu fyrir landsmót með beinum eða óbeinum hætti.
17. Almennur frágangur, sáning ofl.

Stjórn BÍS lýsir ánægju sinni með reksturinn og framkvæmdir á svæðinu og vilja um leið koma á framfæri þakklæti til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir þeirra framlag á svæðinu.

- iv. Málaferli. HS gerði grein fyrir málaferlum.
- e. Starfsáætlun fyrir haustið. Frestað fram stjórnarfundar á landsmóti skáta.

7. Afgreiðslumál

- a. Starfsyfirlit starfsmanna var lagt fram. HS benti á að í næstu starfs- og fjárhagsáætlanagerð þarf að taka betur tillit verkefna og fjölda starfsmanna. Miðað við núverandi verkefnaálag þarf að fækka verkefnum, fjölga starfsfólki eða skilgreina betur verkefnin þ.e. skilgreina vel samspil starfsmanna og sjálfbóðaliða.
- b. Verkefnahópur – Samskiptareglur frambjóðenda. HS lagði fram drög að verkefnahópi. Samþykkt með breytingum. HS er falið að ræða við formann upplýsingaráðs, formann uppstillingarnefndar og auglýsa eftir sjálfbóðaliðum með hefðbundnum hætti í þriðjudagspósti og facebook.
- c. Kynningarvikan og Skátablaðið. GBB lagði fram birtingaáætlun til kynningar. Gerð verða myndbönd til að auglýsa á facebook, frá og með 25. ágúst. Ákveðið var að slá saman Skátablaðinu og kynningarvikunni. Skátakálfur verður gefinn út og dreift með fréttablaðinu laugardaginn 30. ágúst, bæklingar og plaköt verða tilbúin 20. ágúst auk þess sem stoðefni fyrir kynningarviku er á dagskrárvefnum. HS er falið útbúa birtingaráætlun og auglýsa með hefðbundnum hætti.
- d. Stefnumörkun í Æskulýðsmálum. HS upplýsti um stöðu mála. Stjórn BÍS getur ekki samþykkt stefnumörkunina að svo komnu máli. HS óskar eftir umboði til að vinna málið áfram. Samþykkt
- e. Fundargerðir Æskulýðsvettvangsins lagðar fram.
- f. Fundargerð ÚSÚ lögð fram.
- g. Fundargerð Þjóðþrifa lögð fram.
- h. Skátafélög. Jakob Guðnason, félagsforingi Fossbúa tilkynnti BÍS að hann væri hættur sem félagsforingi Fossbúa vegna breytta starfsskilyrða. Stjórn BÍS óskar honum góðs gengis í framtíðinni. HS upplýsti að búið væri að hafa samband við Skátafélagið Fossbúa. Tengiliður skf. væri Inga Úlfadóttir og stefnt væri að því að hittast á Landsmóti skáta og fara yfir málin.
- i. Erindi frá alþjóðaráði
 - i. Styrkbeiðni til Skátabandalagsins í Bosnía. HS leggur til að því verði hafnað vegna erfiðrar fjárhagsstöðu BÍS. Samþykkt.
 - ii. Erindi frá Arnóri Bjarka Svarfdal. Stjórn BÍS ákvað styrkja ABS til þátttöku á Ungmennaráðstefnuna í Slóveníu en ABS telur sig ekki hafa kost á að taka þátt í ráðstefnunni vegna vinnu. Stjórn þykir það miður að ABS komist ekki.
- j. Erindi frá Guðrúnu Hasler. Stjórn fagnar framtakinu að GH vilji leiða nefnd um málefni kynjajafnréttis í skátastarfi. Stjórn Samþykkir verkefni nefndarinnar en telur sig ekki geta lagt út fyrir útgjöldum fyrir Norrænu samstarfi á þessum tímamarki því ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum á þessu starfsári. Því er þetta verkefni háð starfs- og áætlanagerð stjórnar fyrir starfsárið 2015. HS er falið hafa samband við GH, útbúa

verkefnahópsblað og skila inn til stjórnar til samþykktar og auglýsa verkefnið í samstarfi GS með hefðbundnum hætti.

- k. Erindi frá laganefnd BÍS. Nefndin hefur haldið fjóra fundi. JÞG gerði grein fyrir vinnuferlinu og stefnt er að því að hópurinn skili af sér umsögn í byrjun júlí til stjórnar BÍS. Laganefnd hefur óskað eftir fundi með stjórn BÍS mánudaginn 30. júní kl. 20. Stjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér vel fyrirbyggjandi gögn þannig að góð málefnaleg umræða skapist um málið.
- l. Tilnefning í verkefnahóp ÆV. Stjórn BÍS skipa BS í vinnuhópinn.
- m. Trúnaðarmál.
- n. Hlutverk stjórnar á fyrri mótum. Stjórn ítrekar fyrri beiðni sína og óskar eftir því að fá þetta sent ásamt tillögu frá HS hvernig hann sér hlutverk stjórnarmanna fyrir sér á mótinu.

8. Önnur mál.

Starfsfólki ÚSÚ er þakkað fyrir góða gestrisni, fína aðstöðu og góðan mat.

Fundi slitið kl. 22:29.

Fundargerð ritaði HS